

Skurðaðgerð vegna ökklabrots

Aðgerðin er gerð til að lagfæra brot á ökkla og er hún gerð í svæfingu. Yfirleitt eru notaðar plötur og skrúfur til að festa brotið. Útskrift er áætluð samdægurs.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Næring

Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar. Helsta byggingarefni líkamans er prótein sem eru meðal annars í kjöti, fiski og sumum mjólkurvörum. Vítamín og steinefni sem flýta gróanda eru í ávöxtum og grænmeti.

Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Blóðþynningarlyf

Hætta þarf töku blóðþynningarlyfja fyrir aðgerð samkvæmt ráðleggingum læknis til að minnka hættu á blæðingu í aðgerð.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim eftir aðgerð, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Aðgerðardagur

Æskilegt er að fara í sturtu heima að morgni aðgerðardags. Setja þarf plast yfir gífsið og líma vel fyrir til að hindra að það blotni. Hægt er að fá til þess gerða poka í apóteki en einnig má nota aðra vatnshelda poka. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefni, naglalakk eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, á umsömdum tíma að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búíð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Þegar komið er á skurðstofu er settur æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa í vökva og lyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild.

- Ef ber á verkjum eða ógleði er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við því.
- Fótaferð er leyfð strax við komu á deild.
- Eftir aðgerðina getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.
- Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn.
- Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa yfirleitt á 1-2 dögum.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á

Útskriftarfræðsla

Verkir

Eftir aðgerðina má búast við verkjum á skurðsvæði. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því þeir seinka bata. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

Skurðsár

Skurðsári er lokað með saumum og síðan er lagt gífs eða spelka yfir. Saumataka og gifsskipti er um þremur vikum eftir aðgerð. Algengt er að gífs sé haft í 6-8 vikur.

Gífs

Gífs er ýmist notað til hvíldar á lið vegna verkja, sem meðferð við beinbroti eða sem hluti meðferðar eftir skurðaðgerð. Gífsið er bólstrað með gífsbómull og svampi til að koma í veg fyrir að það særi. Til að meðferð með gífsi beri árangur þarf gífsið að takmarka hreyfingu og styðja við útlím. Kláði er algengur undir gífsi. Til að draga úr kláða er hægt að nota hárfurrku með köldum blæstri til að blása undir gífsið. Einnig er hægt að setja kælipoka á húð næst við gífsið. Forðast þarf að klóra sér með áhöldum því það eykur hættu á sárum og sýkingu.

Sturta

Fara má í sturtu en hlífa þarf umbúðum fyrir vatni þar til gífs hefur verið fjarlægð. Hægt er að líma plastpoka yfir gífs til hlífðar. Ef gífs blotnar má nota hárfurrku sem stillt er á kaldan blástur til að þurrka það. Ef gífs er ekki þurrt eftir sólarhring þarf að skipta um gífs.

Hreyfing

Algengt er að ekki megi stíga í aðgerðarfótinn fyrstu vikurnar. Sjúkraþjálfari kennir á hækjur fyrir útskrift. Hægt er að kaupa hækjur á sjúkrahúsinu og í apótekum. Sjúkraþjálfari útvegar sérstakan sóla undir gífsið ef stíga má í aðgerðarfótinn. Mikilvægt er að hafa fótinn í hálegu fyrstu dagana til að draga úr bólgu og verkjum, sjá mynd.



Mynd 1. Fætur í hálegu

Vinna

Mismunandi er hve fljótt er hægt að byrja aftur að vinna en það fer eftir eðli starfs og líðan. Læknar göngudeildar bæklunarskurðeildar veita leiðbeiningar um hvenær óhætt er að snúa aftur til vinnu.

Eftir meðferð

Fyrir útskrift er afhentur endurkomutími hjá lækni á göngudeild bæklunarskurðlækninga. Þá eru saumar fjarlægðir og skipt um gífs.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala. Reikningur er sendur í heimabanka eftir útskrift.

Ef einhver eftirfarandi hættumerkja koma fram þarf að hafa samband við göngudeild bæklunarskurðlækninga G3. Utan dagvinnutíma er leitað á bráðamóttöku.

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Aukinn verkur er á skurðsvæði þrátt fyrir töku verkjalyfja
- Tær hvítna eða dofna
- Hiti og aukin bólga er á skurðsvæði sem getur bent til sýkingar
- Vandamál sem tengist gífsi, t.d. ef gífs verður of laust

Símanúmer

Göngudeild bæklunarskurðlækninga, G3, er opin klukkan 08:00-16:00 virka daga 543 2040

Skiptiborð Landspítala er opið allan sólarhringinn 543 1000